

## Ræða formanns á ársfundi 2019

### *Góðir sjóðfélagar*

#### **I. Afkoma árið 2018**

Það má segja að árið 2018 hafi skipst á skin og skúrir í ávöxtun blandaðra eignasafna sjóðsins. Um miðjan desember stefndi í að ávöxtun ársins yrði sögulega mjög góð, en miklar lækkanir á erlendum mörkuðum og snörp styrking krónu á síðustu tveimur vikum ársins dró ávöxtunina niður. Þegar upp var staðið var ávöxtun undir langtímameðaltali. Allar ávöxtunarleiðir skiluðu þó jákvæðri ávöxtun á árinu. Ríkissafn langt hækkaði mest eða um 7% en blönduð söfn hækkuðu um 4,7% til 5,6%. Til samanburðar má nefna að fyrstu 100 daga þessa árs, hafa blönduðu söfnin Ævisafn 1-3 og Samtryggingarsjóður hækkað um 3,9 – 9,0% og það á aðeins 100 dögum og er það til marks um það hversu miklar sveiflur á mörkuðum geta verið amk. til skamms tíma.

Sá eignaflokkur sem hækkaði mest á árinu 2018 voru löng verðtryggð skuldabréf og hækkaði vísitala Kauphallarinnar fyrir 10 ára löng verðtryggð skuldabréf um 8,8%. Ávöxtunarkrafa langra verðtryggðra skuldabréfa lækkaði töluvert á árinu sem þýðir að gengishagnaður bætist við vextina sem bréfin bera. Á fyrstu mánuðum ársins hefur ávöxtunarkrafan haldið áfram að lækka á sama tíma og erlendir hlutabréfamarkaðir hafa hækkað nokkuð. Árið fer því vel af stað og ávöxtun um þessar mundir er með besta móti eins og áður er komið fram. Mér finnst þó ástæða til að nefna, að þó að lækkun langtímavaxta skili gengishagnaði til skamms tíma þá má búast við lægri ávöxtun til lengri tíma lítið eftir því sem vextir lækka. Samband vaxta og eignaverðs er líka yfirleitt öfugt, þ.e. eftir því sem vextir lækka þá hækkar verð hlutabréfa og fasteigna. Vextir eru víðast hvar í sögulegu lágmarki, bæði hér á landi og erlendis, sem gæti haft áhrif á ávöxtun fyrir fjárfesta á næstu árum.

Í ársskýrslu sjóðsins er gerð grein fyrir rekstri og afkomu á síðasta ári. Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, mun hér á eftir gera grein fyrir rekstri hans og tryggingafræðilegri stöðu og síðan mun Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri, fara yfir ávöxtun síðasta árs og kynna fjárfestingarstefnuna.

Ég mun nú víkja að nokkrum atriðum úr rekstri sjóðsins.

#### **II. Sérhæfðar örorku- og dánarlíkur / samsetning lífeyrisréttinda**

Talnakönnun reiknaði á árinu út sérhæfðar örorkulíkur fyrir Almenna lífeyrissjóðinn sem byggja á raunverulegri örorkutíðni sjóðfélaga, í stað þess að horfa til allra sjóðfélaga íslenskra lífeyrissjóða líkt og áður hefur verið gert.

Einnig voru reiknaðar sérhæfðar dánarlíkur sem byggja á sama hátt á raunverulegri dánartíðni sjóðfélaga.

Niðurstöður útreikninganna sýna að örorkulíkur sjóðfélaga í Almenna lífeyrissjóðnum eru lægri en áður var miðað við og eru með minnsta móti í samanburði við aðra lífeyrissjóði. Fyrir samtryggingarsjóðinn okkar eru þetta góðar fréttir, því örorkubyrði er minni en við höfum reiknað með og sjóðurinn getur varið stærri hluta iðgjalds eða sparnaðar sjóðfélaga til að greiða ævilangan ellilífeyri. Útreikningarnir sýna einnig að sjóðfélagar Almenna lífeyrissjóðsins lifa lengur en meðaltal allra lífeyrissjóða. Það eru auðvitað góðar fréttir fyrir okkur sjóðfélagana en fyrir sjóðinn þýðir þetta að hann þarf að eiga meiri eignir til að greiða lífeyri lengur.

Samanlagt er niðurstaða þessara útreikninga sú að heildarstaða samtryggingarsjóðs styrktist um 0,5 prósentustig sem hlutfall af skuldbindingum.

Við teljum útreikninga Talnakönnunar mjög jákvæða fyrir Almenna lífeyrissjóðinn. Þeir sýna að sjóðfélagar okkar sem hópur, lifir lengur en meðaltal landsmanna og er svo gæfusamur að færri þurfa á örorkulífeyri að halda en hjá öðrum hópum. Réttindi í báðum tilvikum eru svo með því besta sem gerist meðal lífeyrissjóða.

Í Almenna lífeyrissjóðnum er lágmarksiðgjald 12% af launum og greiðast 8% í samtryggingarsjóð og 4% í séreignarsjóð. Markmiðið er að sjóðfélagar byggi upp réttindi með greiðslum í sjóðinn, þar sem áhersla er lögð á svigrúm og sveigjanleika, þegar kemur að greiðslu eftirlauna og góðri tryggingavernd við áföll vegna óvinnufærni eða fráfalls.

Í þeim tilvikum sem sjóðfélagar okkar verða fyrir tekjumissi vegna örorku, eru réttindi til örorkulífeyris mjög góð, ef réttindin eru borin saman við aðra sjóði. Til viðbótar er inneign í séreignarsjóði laus til útborgunar á sjö árum, sem getur komið sér vel.

Ég vil vekja athygli ykkar á því að á sjóðfélagavef eru einstakar upplýsingar um örorkulífeyri, bæði settar fram í krónutölu, en einnig sem hlutfall af síðustu launum sem greitt er af. Við teljum afar mikilvægt að sjóðfélagar hafi þessar upplýsingar, til þess meðal annars að þeir geti lagt mat á hvort tryggingavernd vegna örorku sé nægjanleg, eða hvort þeir þurfi að bæta við sig viðbótartryggingum.

Lengi vel var Almenni eini sjóðurinn sem veitti sjóðfélögum sínum sambærilegar upplýsingar og mér er ekki kunnugt um að aðrir sjóðir geri það í dag.

Eftirlaun hjá Almenna lífeyrissjóðnum samanstanda af bæði ævilöngum lífeyri úr samtryggingarsjóði og inneign í séreignarsjóði. Ævilangur lífeyrir myndast af 8% iðgjaldi í samtryggingu en sjóðfélagar njóta þess að mestur hluti þess fer til að mynda rétt til ellilífeyris þar sem örorkutíðni er lág.

Tilgangurinn með því að heimila sjóðfélögum að greiða hluta af lágmarksiðgjaldi í séreign er að stuðla að því að sjóðfélagar hafi svigrúm við töku ellilífeyris.

Þannig geta þeir til dæmis valið að taka séreignina út á fyrstu 10, 15 eða 20 árum eftirlaunaáranna eða á meðan heilsan er í lagi eða ef þeir kjósa að ferðast eða hreinlega eyða meira fyrst eftir að látið er af störfum.

Ég geri þetta að umtalsefni í tengslum við yfirlýsingu stjórnvalda frá 3. apríl sl. vegna svonefndra Lífskjarasamninga en þar segir orðrétt með leyfi fundarstjóra:

*„Stjórnvöld munu setja eftirfarandi mál í forgang:*

- i. Að skylda til greiðslu 15,5% af iðgjaldsstofni til lífeyrissjóðs verði lögfest (lágmark).*
- ii. Að heimilt verði að skipta lögbundnu iðgjaldi í lífeyrissjóð þannig að a.m.k. 12% fari til öflunar réttinda í sameign (samtryggingardeild), og allt að 3,5% geti farið til öflunar réttinda í tilgreindri séreign. Kveðið verði nánar á um þessa skiptingu í samþykktum lífeyrissjóða.“*

Á þessari stundu vitum við ekki nákvæmlega hvað felst í þessari yfirlýsingu og þaðan af síður hvernig þetta verður útfært í lögum.

Við fyrstu sýn virðist hins vegar vera um stefnubreytingu að ræða frá lífeyrisjóðalögunum frá 1997 og að með þessu eigi að steypa alla lífeyrissjóði í sama mót og þar með að afturkalla heimild okkar til að greiða hluta lágamarksiðgjalds í séreignasjóð.

Það er ótímabært að draga of miklar ályktanir strax en við munum fylgjast vel með framvindu mála og standa vörð um hagsmuni sjóðfélaga okkar og sérstöðu Almenna lífeyrissjóðsins.

### **III. Samanburður sjóða**

Almenni lífeyrissjóðurinn gerir upp eignir daglega og reiknar daglegt gengi ávöxtunarleiða. Þetta er gert til að tryggja að iðgjöld og innborganir sem

greiðast inn í sjóðinn og lífeyrisgreiðslur sem greiðast úr sjóðnum séu metin á réttu virði þegar hreyfingar fara fram.

Daglegt gengisuppgjör er nákvæmasta leið sem völ er á til að reikna ávöxtun frá einum tímapunkti til annars. Almennt er ávöxtun lífeyrissjóða áætluð út frá breytingum á eignum á ári og er þá miðað við að iðgjöld og lífeyrisgreiðslur dreifist jafnt og þétt yfir árið.

Á liðnu ári hafa birst reglulega fréttir um samanburð á langtímaávöxtun lífeyrissjóða. Samanburðurinn byggir á því sem kallað er Matskerfi lífeyrissjóða sem er samstarfsverkefni einkafyrirtækis og hluti af rannsóknarverkefni dósents í fjármálum og um er að ræða vöru eða þjónustu sem Almenni hefur ekki keypt.

Útreikningar þeirra byggja á áætlun út frá upplýsingum í ársreikningum sjóðanna sem er ekki eins nákvæm aðferð og Almenni notar við útreikning á ávöxtun og tölurnar sem notaðar eru stemma því ekki við raunverulega ávöxtun sjóðsins.

Frá árinu 1990 eða í 29 ár hefur raunávöxtun samtryggingarsjóðs verið 4,5% á ári að jafnaði eða örlítið yfir meðaltali allra samtryggingarsjóða sem var 4,4% á sama tíma. Raunávöxtun er lægri ef litið er til síðustu 15 eða 20 ára vegna efnahagshrunsins á Íslandi árin 2008 og 2009 og tæknibólunnar á erlendum mörkuðum árin 2000 til 2002. Síðustu 5 ár hefur raunávöxtun sjóðsins hins vegar verið óvenju góð eða 4,6% á ári en 4,1% síðustu 10 ár.

Fulltrúi einkafyrirtækisins hefur farið mikinn í fjölmiðlum og meðal annars gagnrýnt lífeyrissjóði, fyrir lélega upplýsingagjöf og ógagnsæi.

Þessu vil ég vísa á bug fyrir hönd lífeyrissjóða og bendi á heimasíður sjóðanna og ársreikninga sem eru afar ítarlegir með upplýsingum um rekstur og eignir.

Í tilviki Almenna lífeyrissjóðsins er einnig rétt að benda á að á heimasíðu sjóðsins eru nákvæmar upplýsingar um ávöxtunarleiðir.

Á upplýsingasíðum um stakar ávöxtunarleiðir, eru upplýsingar um daglegt gengi, gengisþróun, núverandi eignasamsetningu og fjárfestingarstefnu, nafnávöxtun nú og í fortíð, helstu kennitölur og hlekkur á upplýsingablað ávöxtunarleiðar, greiningu eigna, upplýsingar um útgefendur og vægi þeirra og um fjárfestingarstefnu. Á sérstökum samanburðarsíðum eru upplýsingar um ávöxtun, gengisþróun og flökt fyrir allar ávöxtunarleiðir. Samanburður dregur fram mismun á ávöxtunarleiðum og hjálpar sjóðfélaga þannig að átta sig betur á fjárfestingarstefnu og eðli einstakra ávöxtunarleiða.

Gagnrýni á upplýsingagjöf er því ekki trúverðug, ekki frekar en að viðkomandi einkafyrirtæki veitti söluaðila, sem starfar hér í umboði þýsks tryggingarrisa, sérstaka viðurkenningu sem góðan valkost fyrir íslenskan séreignarsparnað.

Í umsögn með viðurkenningunni segir meðal annars:

*„Yfir það heila er líftryggingafélagið afar traustur og góður valkostur sem leggur mikla áherslu á gagnsæja og góða upplýsingagjöf, birtir ávöxtunargögn langt aftur í tímann og fær því háa heildareinkunn.“*

Á heimasíðu þýska líftryggingafélagsins eru ávöxtunartölur birtar einu sinni á ári og einkafyrirtækið væntanlega sem óháður aðili tekur að sér að reikna ávöxtun á móttækin lífeyrisiðgjöld fyrir hina íslensku umboðsskrifstofu. Í þeim tölum er ekki tekið tillit til þóknunar sem tekin er þegar rétthafar greiða iðgjöld. Tölurnar sýna því eingöngu ávöxtun á nettó-iðgjaldi rétthafa, þ.e. iðgjald eftir kostnað.

Rétt er að benda á að þóknunir vegna lífeyristrygginga eru yfirleitt háar, sérstaklega á fyrstu árum samningstímans, og geta verið að meðaltali 25% af greiddum iðgjöldum fyrstu 5 árin.

Söluaðili hins þýska líftryggingarfélags hér á landi, sem reyndar er 100% í eigu íslenska ríkisins hefur tekið að meðaltali 1.200 milljónir króna í árlegar sölubóknunir af móttæknum lífeyrisiðgjöldum hér á landi undanfarin síðustu ár, sem að stórum hluta renna óskattlagðar til sölumanna lífeyrissparnaðar og hagnaður sama félags hefur að meðaltali verið 4-500 milljónir á ári, á sama tíma.

Þegar grannt er skoðað þá ætti það í raun að vera sérstakt rannsóknarefni að söluaðili líftryggingarfélags, sem tekur við séreignasparnaði landsmanna, skuli hljóta verðlaun fyrir upplýsingagjöf og gegnsæi, þegar í ljós kemur að allt að fjórðu hverri krónu lífeyrisiðgjalda, er varið í sölubóknunir og arð til eigenda félagsins og dæmi nú hver fyrir sig.

#### **IV. Lán til sjóðfélaga**

Almenni lífeyrissjóðurinn býður virkum sjóðfélögum að taka lán til langs tíma gegn veði í fasteign. Sjóðfélagalánin eru að okkar mati góður eignaflokkur með hóflegri ávöxtun yfir ríkisskuldabréfum. Endurgreiðslur eru að jafnaði mánaðarlega sem hentar lífeyrissjóðnum vel af því að hann greiðir mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur. Frá sjónarhóli sjóðfélaga eru lánin góður kostur að því leyti að vextir og kostnaður eru yfirleitt lægri en hjá öðrum fjármálastofnunum og lánin bera ekki sérstakt uppgreiðslugjald. Á árinu 2018 voru veitt ný útlán til sjóðfélaga fyrir 10 milljarða sem er næst mesta fjárhæð

sem sjóðurinn hefur lánað á einu ári. Ný lán voru að meðaltali með 51% veðsetningu en sjóðurinn miðar við fasteignamat eða umsamið kaupverð samkvæmt kaupsamningum. Af nýjum útlánnum voru 82% á fyrsta veðrétti og 14% á öðrum veðrétti. Á árinu nam fjárhæð uppgreiddra eldri lána 4,1 milljarði sem er það mesta sem hefur verið greitt upp á einu ári. Nettó útlán á árinu námu því 5,9 milljörðum sem er töluvert lægri fjárhæð en árið 2017, en þá voru nettó útlán 8,6 milljarðar.

Auknar uppgreiðslur á lánnum eru í takt við breytingar á húsnæðislánamarkaði, sem hafa verið að gerast á síðustu árum. Með lækkun á lántökugjöldum og opinberum gjöldum, er mun hagkvæmara en áður fyrir lántakendur að endurfjármagna eldri og óhagstæðari húsnæðislán. Fyrir lánveitendur þýðir þessi þróun aukið umfang afgreiðslu lána og það sem skiptir meira máli aukna uppgreiðsluáhættu á lánnum með fasta vexti. Stjórn sjóðsins fylgist því vel með þróun nýrra og uppgreiddra lána í hverjum mánuði.

## **V. Fjárfestingarstefna**

Í lok nóvember var samþykkt ný fjárfestingarstefna fyrir ávöxtunarleiðir sjóðsins líkt og gert er á hverju ári. Að þessu sinni voru breytingar á stefnum einstakra safna óverulegar, en þó er rétt að benda á að fjórar ávöxtunarleiðir séreignarsjóðs, Ævisafn II, Ævisafn III, Ríkissafn langt og Ríkissafn stutt lúta nú takmörkunum í fjárfestingarheimildum fyrir lágmarkstryggingavernd eða sömu heimildum og gilda fyrir samtryggingarsjóð. Þessi breyting tekur meðal annars til takmarkana á mótaðilaáhættu, en þær takmarkanir eru þrengri í heimildum fyrir lágmarkstryggingavernd.

Tilgangurinn með þessari breytingu er að ofangreind söfn geti tekið við séreign sem tilheyrir lágmarkstryggingavernd eins og tilgreind eða bundin séreign. Áður en þessi breyting var gerð var skoðað sérstaklega hvort þessar heimildir væru takmarkandi fyrir séreignarsparnað og var það niðurstaða okkar að svo væri ekki. Þrjár ávöxtunarleiðir séreignarsjóðs, Ævisafn I, Innlánasafn og Húsnæðissafn lúta áfram takmörkunum í fjárfestingarheimildum fyrir viðbótartryggingavernd.

Í desember var eigendastefna sjóðsins endurskoðuðu en hún fjallar um hvernig Almenni sem hluthafi í félögum sem hann á verulegan eignarhlut í, þ.e. 5% eða hærri beinan eignahlut í einstöku félagi eða þar sem lífeyrissjóðurinn er meðal fimm stærstu hluthafa félags, beitir sér. Meðal helstu breytinga á eigendastefnunni er ákvæði um að birta á heimasíðu hvernig atkvæðum var beitt á þeim fundum þar sem lífeyrissjóðurinn tekur afstöðu. Einnig var ákvæði

um starfskjör og hvatakerfi gert ítarlegra og bætt við ákvæði um að kaupaukar til stjórnenda séu að hámarki 25% af heildarlaunum sem er í samræmi við ákvæði laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og að í starfskjarastefnu sé ákvæði um að rammi kaupaukakerfis sé lagður fyrir hluthafafund til samþykktar.

Fjárfestingarstefna og eigendastefna eru aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins sem og upplýsingar um framkvæmd eigendastefnunnar.

## **VI. Þjónusta**

Starfsmenn sjóðsins hafa skilgreint og sett sér sérstaka þjónustustefnu, en samkvæmt henni er stefnt að því að veita sjóðfélögum framúrskarandi þjónustu, faglega fræðslu og ráðgjöf. Þannig er markmiðið að afgreiða erindi frá sjóðfélögum eins fljótt og verða má og að sjóðfélagar geti á auðveldan hátt nálgast greinargóðar upplýsingar um sjóðinn í heild og um eigin inneign og réttindi. Sjóðurinn stefnir nú á að auka sjálfvirkni með því að nýta sjóðfélaga- og launagreiðandavef við afgreiðslu umsókna, skráningu skilagreina og annarra erinda.

Sem hluti af þessari stefnu heldur sjóðurinn reglulega námskeið, upplýsinga- og fræðslufundi sem hafa verið ágætlega sóttir. Ég vil sérstaklega nefna að á síðasta ári bryddaði sjóðurinn upp á þeirri nýbreytni að efna til opins húss á laugardegi og bauð sjóðfélögum að kynna sér starfsemina og hlýða á sex áhugaverð erindi auk þess sem tónlistarmaður kom í heimsókn. Opna húsið var vel sótt og viðburðurinn var skemmtilegur. Erindi voru gagnleg og var dæmi um að gestir hlustuðu á þau öll. Ég vil nota tækifærið og hvetja sjóðfélaga til að fylgjast með heimasíðu sjóðsins og sækja námskeið og fundi sem nýtast vel til að fræðast um réttindi og fylgjast með eigin lífeyrissparnaði.

## **VII. Stjórnarstörf**

Það er bæði skemmtilegt og krefjandi að sitja í stjórn lífeyrissjóðs. Það er skemmtilegt að því leyti að verkefnin eru fjölbreytt og markmiðin sem unnið er að eru verðug. Það er einnig gaman að vinna með góðu fólki en samstarfið í stjórn hefur verið gott og sömuleiðis vinna stjórn og starfsmenn vel saman. Það er krefjandi af því að ábyrgðin er mikil og margt að skoða og greina áður en hver ákvörðun er tekin.

Á undanförunum árum hafa kröfur til lífeyrissjóða verið að aukast, bæði með auknum kröfum og tilmælum eftirlitsaðila en einnig með nýjum lögum og reglugerðum. Til að nefna dæmi má benda á að á síðasta ári voru innleidd ný

lög um persónuvernd og vinnslu persónuverndarupplýsinga, í byrjun þessa árs tóku gildi ný lög um peningabætti og aðgerðir til varnar hryðjuverkum og í mars birti Fjármálaeftirlitið ný tilmæli vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa hjá eftirlitsskyldum aðilum. Yfirleitt fela ný lög, reglugerðir og tilmæli í sér breytingar sem eru af hinu góða en þau eiga það einnig sammerkt að leggja aukna ábyrgð á hendur lífeyrissjóðum, auka verkefni stjórnar og kröfur til lífeyrissjóða um markviss vinnubrögð.

Til að tryggja að sjóðurinn uppfylli lög og reglur hafa stjórn og starfsmenn skipulagt innra regluverk sem samanstendur meðal annars af stefnuskjölum, reglum, verkferlum, áhættumati, neyðaráætlun, gátlistum og vinnuleiðbeiningum, alls um 80 skjöl. Stjórn lífeyrissjóðs ber ábyrgð á að innra regluverk sé virkt á hverjum tíma.

Stjórnin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði þar sem fjallað er um tilfallandi verkefni og önnur samkvæmt fyrirfram ákveðinni fundaáætlun þar sem verkefnum er dreift yfir árið. Að jafnaði er farið yfir mikið efni á hverjum fundi og má sem dæmi nefna að fyrir stjórnarfundi í febrúar lág 21 skjal og það lengsta upp á 81 síðu.

Með þessari upptalningu er ég ekki að kvarta, síður en svo og vísa aftur til þess sem ég sagði áðan að starfið er áhugavert og skemmtilegt.

Ég vildi hins vegar nefna þetta vegna þess að ein af tillögum sem er lögð fram um breytingar á samþykktum felur í sér þá breytingu að stjórnarlaun verði greidd mánaðarlega eins og önnur laun í stað þess að vera greidd eftirá fyrir liðið starfsár. Tillagan endurspeglar breytingar sem hafa orðið á stjórnarstörfum á síðustu árum.

Ég vil nota þetta tækifæri og færa meðstjórnendum þakkir fyrir gott samstarf á liðnu ári. Á ársfundinum lýkur kjörtímabili Davíðs Ólafs Ingimarssonar og Sigurjóns H. Ingólfssonar í stjórn auk Ragnars Torfa Geirssonar, varamanns. Þeir gefa allir kost á sér í aðalstjórn. Jafnframt hefur Anna Karen Hauksdóttir, sem hefur setið í varastjórn síðan árið 2013, sagt af sér sökum veikinda. Ég vil færa Önnu Karen þakkir fyrir gott samstarf og senda henni óskir um góðan bata.

Ég vil að lokum þakka sjóðfélögum fyrir ánægjuleg samskipti og samstarfið á liðnu ári. Einnig vil ég þakka starfsfólki sjóðsins fyrir ánægjulegt samstarf.

Takk fyrir.